

Stúdentaráðsfundur

Dags. fundar 09.10.23	Tími 17:00	Staður HT - 101	Nr. fundar 4
Fundarboðandi Rakel Anna Boulter	Fundarritari Rannveig Klara Guðmundsdóttir		Dags. rituð 09.10.23

Fundaraðilar mættir:

Félagsvísindasvið:

Arna Dís Heiðarsdóttir (Röskva)
 Daníel Hjörvar Guðmundsson (Vaka)
 Júlíus Viggó Ólafsson (Vaka)
 Kristmundur Pétursson (Röskva)
 Emilía Björt Írisard. Bachmann (Röskva)

Heilbrigðisvísindasvið:

Sigríður Helga Kárdal Ásgeirsdóttir (Röskva)
 Tinna Eyvindadóttir varamaður fyrir Elísabetu Söru Gísladóttur (Vaka)

Hugvísindasvið:

Guðni Thorlacius (Röskva)
 Júlía Karín Kjartansdóttir (Röskva)
 Elís Þór Traustason varamaður, rafrænt fyrir Steinunni Kristínu Guðnadóttur (Röskva)

Menntavísindasvið:

Tanja Sigmundsdóttir (Röskva)
 Dagbjört Ósk Jóhannsdóttir (Röskva)

Verkfræði og náttúruvísindasvið:

María Rós Kaldalóns (Röskva)
 Davíð Ásmundsson (Röskva)
 Eiður Snær Unnarsson (Vaka) mætti: 17:27

Aðrir (án atkvæðisréttar)

Rakel Anna Boulter, forseti SHÍ
 Rannveig Klara Guðmundsdóttir, hagsmunafulltrúi SHÍ (ritari)
 Gísli Laufeyjarson Höskuldsson, lánasjóðsfulltrúi SHÍ
 Nana-Kirstine Bruhn Rasmussen, alþjóðafulltrúi SHÍ
 Chukwudeme Ozegbe
 Linda Rún Jónsdóttir
 Dagur Kárason
 Sigurbjörg Guðmundsdóttir
 Arent Orri Jónsson, forseti Lagabreytingarnefndar
 Gréta Dögg Þórisdóttir, meðlimur Lagabreytingarnefndar

Fundarmenn fjarverandi og án varafulltrúa:

Félagsvísindasvið:**Heilbrigðisvísindasvið:****Hugvísindasvið:****Verkfræði- og náttúruvísindasvið:****Menntavísindasvið:** Júlíana Dögg Önnudóttir Chipa (Vaka)

Fundardagskrá

Stúdentaráðsfundur 9.október 2023 í stofu HT 101

1. Forseti Stúdentaráðs setur fund 17:00-17:05
The President of the Student Council convenes the meeting
2. Lagabreytingar (atkvæðagreiðsla) 17:05-18:25
Legislative changes (voting)
 - a. Mikilvægt er að stúdentaráðsliðar kynni sér fundargögn vel fyrir fundinn. Allar spurningar eru velkomnar og þeim skal beina til skrifstofu Stúdentaráðs.
3. Önnur mál 18:25-18:30
Other issues
 - a. Stúdentaráð hvatt til að koma með önnur mál, helst fyrir fund svo hægt sé að virða tímann og fundinn, en velkomnið að gera svo á fundinum sjálfum.
4. Fundi slitið 18:30
Meeting ends

1. Forseti Stúdentaráðs setur fund

a. Kl 17:07

2. Lagabreytingar (atkvæðagreiðsla)

a. **Fyrsta lagabreytingartillaga vegna mönnun sviðsráða, flutningsaðili sviðsráð Hugvísindasviðs**

i. Mælendaskrá opnuð

ii. **Júlíus Viggó:** Mér finnst þetta ekki gáfulegt. Í stúdentaráði er ekki aðalfundur heldur ákveðum við lög okkar á almennum fundum og á fundum verður að vera mjög skýrt hvaðan umboð fólks kemur. Stöðurnar sem Vaka hefur úthlutað í sviðsráðum er ekki í umboði stúdentaráðs heldur eru í umboði þeirra atkvæða í kosningum. Er þetta bagalegt, já. Mér finnst þetta bagalegt að ekki sé búið að manna þessar stöður. Vaka er nýskriðin úr því að hafa ekki meira en 1 meðlim í stúdentaráði, svo 2 og núna 5. Það er vont að hafa fólki ekki í sviðsráðum. Geta sviðsráð starfað án fullmannaðs sviðsráðs, já það er hægt en auðvitað er þetta bagalegt. Þá er það auðvitað undir Röskvu komið að benda á þessa skitu hjá Vöku. En þetta fordæmi, þetta er hættulegt. Ef við samþykkjum það að við getum bara skipulagt í burtu umboð sem kemur úr kosningum. En einn daginn, lendir Röskva í minnihluta og viljið opna á það að meirihlutinn getur skipulagt í burtu ábyrgðarstöður. Þetta er ekki gott fordæmi. En það er ekki gott fordæmi að meirihluti getur skipulagt í burtu áhrifastöður hjá minnihlutanum? Þetta er ekki gott fordæmi og ég harðlega mótmæli þessu. Ég vil að öll þau sem kjósa með þessu geri sér grein fyrir því fordæmi sem er sett með þessu.

iii. **Arna Dís:** Mitt sviðsráð er ólíkt þeim sem ekki eru fullmönnuð þar sem mitt er fullmannað. Mér finnst þetta ótrúlega þægilegt og verkefni eru dreifðari. Með fullmönnuðu sviðsráði er þá hægt að hafa löglega fundi. Þetta eru þrjú mánuðir sem þið hafið til að manna þetta. Ætliði þá að manna þetta þegar einn mánuðir er eftir af árinu bara til að segjast hafa gert þetta. Mér finnst þessi umræða ekki endilega eiga að eiga sér stað hér heldur innan fylkinganna. Hér erum við stúdentaráðsliðar en ekki að tala fyrir hönd fylkinganna, við erum að laga lög stúdentaráðs. Mér finnst svolítið lélegt að við séum hér að tala bara fyrir hagsmunum fylkinganna, ég er ekki hér að tala sem Röskvuliði heldur

sem stúdentaráðsliði. Þetta eru 3 mánuðir sem fylkingar hafa til að manna þetta og ég er mjög ánægð að ég hafi fullmannað sviðsráð og skiptir sköpum. Ef það er annað fólk sem er til í þetta og getur þetta finnst mér sjálfsagt að manna þetta þrátt fyrir fylkingar. Þetta breytir öllu og auðveldar vinnu. Þetta má alveg vera í umboði annars fylkingar. Mér finnst ömurlegt að við séum að ræða þetta eins og við ættum að vera ræða þetta á öðrum vettvöngum. Mér finnst þetta ekki vera góð framsetning.

- iv. **Júlíus Viggó:** Þetta er ekkert gott að ekki sé búið að manna þessi sviðsráð. Málið er að þú getur fært allskonar rökstuðning fyrir þessu. En hvernig eru lausnirnar? Við erum ekki að leggja til að sviðsráð geti ekki fundað ef fundur er ekki löglegur. Það er ekki eins og við séum að leggja til að það megi fylla sætið þar til hin fylking kemur með nýjan meðlim. Við erum að segja okei, það er þessi tími sem er liðinn, annaðhvort 3 mánuðir eða styttri. Þetta er ekki rétta leiðin til þess að díla við þetta. Þetta setur mikið fordæmi. Röskva mun ekki vera sátt með þetta þegar Vaka tekur meirihluta. Þessi tillaga er ekki eitthvað sem við getum sett í gegn með því fordæmi sem við erum að gera. Við megum ekki taka lýðræðislega umboðið sem Vaka fékk frá stúdentum í þessum skóla.
- v. **Dagbjört:** Við á MVS stendur fyrir því að MVS sé að flytja. Öll fundarvinna er að falla á mér. Við náum ekki að deila ábyrgðinni nógu vel þegar við erum undirmönnuð. Við náum ekki að manna kennslunefnd í stjórn MVS þar sem stúdentaráðsliði á MVS svarar ekki skilaboðum sem átti að sitja í þessu. Mér finnst óréttlátt að öll þessi vinna lendi bara á einum. Mér finnst ömurlegt að það sé ekki svarað manni þegar maður er að reyna að fá svör af hverju það er ekki búið að manna stöðurnar.
- vi. **Arna:** Í stað þess að mótmæla þá mætti líka koma með breytingartillögu. Þetta eru þrjú mánuðir sem fylkingar hafi. Ég skil ekki alveg. Tíminn er naumur og það þarf að fylla þetta. Fólk er meðvitað um að þetta sé slæm staða. Því á að koma með lausnir ekki mótmæli. Þetta er eitthvað sem ég tel vera einföld lausn á þessu sviðsráði.
- vii. **Kristmundur:** Við erum ekki að skipuleggja sætin ykkar í burt. Þetta er bara varnagli sem sviðsráð geta haft. Þetta er bagalegt. Sviðsráð eiga erfitt með að vinna í þessu. Þú nefnir þessa vaxtarverki sem Vaka er að finna fyrir, þið ákveðið sjálf að bjóða fram lista. Það er undarlegt að bjóða sig fram en ekki taka ábyrgðina sem fylgir því. Ég velti því fyrir mér hver forsenda þess að fólk hafi tekið við sæti á lista ef þau sjá svo ekki fram á að fylgja þeim skyldum sem því fylgir. Þetta snýst ekki bara um Röskvu og Vöku heldur sviðsráðin. Þegar kemur að því að Röskva fari í minnihluta þá verður hún bara að taka ábyrgð á því.
- viii. **Kristmundur:** Ég legg til að mælendaskrá sé opin almenning.
- ix. **Kosið er að opna mælendaskrá.**
1. Eiður, Daníel, Emilía, Arna, Eiður, Kristmundur, Dagbjört, Sigga, Tanja, Júlía, Guðni, María, Elís samþykkja.
 2. Júlíus Viggó situr hjá.
- x. **Rakel Anna:** Þessi breyting á við um þegar sætin eru ekki skipuð á kjörfundi, ekki þegar sæti eru skipuð en fulltrúi hættir síðan og nýjan fulltrúa þarf að finna í hans stað. Þetta myndi t.d. eiga við um HUGS en ekki MVS núna.

- xí. **Júlíus Viggó:** Rökstuðningurinn hefur verið sú að erfitt sé að vinna og það er rétt. En grundvallarhluturinn er sá að við erum að ákveða hvernig við vinnum hlutina. Mér finnst ekki gott þegar stúdentaliðar eru ekki virkir. Það er ekki gott þegar t.d. 20% af atkvæði mínu er ekki á staðnum. Þetta snýst um það fordæmi sem við erum að setja okkur. Við erum að kjósa um umboð okkar. Ég legg til að tekið sé fundarhlé til þess að rætt sé um þetta.
- xii. **Arna Dís:** En hvers vegna fundarhlé? Erum við ekki að ræða saman hér inni?
- xiii. **Júlíus Viggó:** Við hljótum að mega ræða saman sem fylking um þessi mál í stað þess að sitja hér ein og einhver einn að þæla í því.
- xiv. **Júliá Karin:** Við gerum okkur fulla grein fyrir því að þetta gæti haft áhrif á Röskvu. En núna snýst þetta ekki um pólitík heldur að við viljum vinna vel og fyrir hagsmuni stúdenta. Þið eruð með sex manna lista sem þið bjóðið fram í vor. Þið talið um fordæmi en hvers konar fordæmi er Vaka að setja með því að bjóða fram sex manna lista en geta svo ekki mannað sviðsråd 6-7 mánuðum seinna. Ég velti því fyrir mér hverskonar fordæmi Vaka er að setja með þessu. Mér finnst þetta bara óvirðing gagnvart kjósendum og kosningum.
- xv. **Rakel Anna:** Við skulum tæma mælendaskrána og kjósa svo um fundarhlé.
- xvi. **Kristmundur:** Ég vil að þetta sé rætt inni á fundi. Þetta er einmitt vettvangurinn til þess að ræða þetta. Fundargögn lágu fyrir viku síðan og þið hefðuð átt að skoða þetta betur fyrir fund. Mér finnst svolítið seint að velta þessu fyrir ykkur núna.
- xvii. **Arent:** Mér finnst alveg út í hött að rætt sé um persónulega hagi fólks um það hvort þau ákveða að mæta á fundi. Það er ömurleg staða að fólk bjóði sig fram í eitthvað og skili ekki sínu. En alveg eins og það er ekki á Röskvubandi að stýra öllu mekanískt hvað fulltrúar gera að þá getum við ekki sett þær kröfur á Vöku. Við gerum allt til þess að virkja okkar fólk. Mér finnst þó eitt vanta í þessa umræðu og það er hérna að 22. ágúst sendi ég á Guðna á Facebook Messenger bókstaflega færslu sem er svona: Sæll, mig langaði að koma því á framfæri við þig að við erum að lenda í vandræðum að manna stöðuna á sviðinu ykkar þar sem við þekkjum ekki til á þessu sviði, við viljum ekki afsala af okkur tilnefningarréttinum en erum hinsvegar opin fyrir tillögum af ykkar hálfu og munum taka til greina ef þið hafið einhverjar. Þangað til munum við halda áfram að láta og látum vita ef það eru vendingar. Það er alveg ljóst að þessi breytingartillaga er ekki til þess að geta unnið eitthvað betur. Bókstaflega sem ég sendi ykkur var að biðja um tillögur. Ef við horfum á þetta úr öðru ljósi t.d. á þingi, ef það er opnað fyrir það að meirihluti filar ekki eitthvað hvernig lýðræðislegu umboði er háð og bara breyta lögnum. Það er gjörsamlega blatant að ætla gera þetta svona. Ég skil plinguna en ég er búin að rétta höndina til ykkar. Við erum búin að segja að ef þið eruð með þetta fólk sem vill vinna þetta, endilega bendið okkur á það. Það að koma með þetta, hreinlega skil ég ekki. Svo fékk ég aldrei skilaboð frá þér Guðni um eitthvað fólk sem er tilbúið í þetta.
- xviii. **Guðni:** Er þetta á minni ábyrgð að sinna þínu hlutverki sem forseti Vöku að finna fólk. Ég vil að þú sinnir þinni skyldu.
- xix. **Arent:** Nei alls ekki en þú ert að biðja um varamann, ekki ég og ég er samt búin að rétta fram hjálparhönd og finnst svona vinnubrögð ekki góð. En með því að setja fram lagabreytingartillögu sem breytir lýðræðislegu umboði.

- xx. **Guðni:** Við höfum verið að ræða innan sviðsráðsins að við erum næsti vettvangur stúdenta. Við erum að vinna fyrir hagsmuni á sviðinu okkar og miklu minna eftir einhverjum pólitískum línnum og við erum í stöðugu sambandi við stúdenta og það er miklu betra að við séum fullmönnuð. Það fer þvert gegn öllum hagsmunum stúdenta að sinna ekki sinni skyldu og manna ekki þessar stöður. Ef við erum ekki fullmönnuð að þá missi ég 20% af því vinnuafli sem ég er að gera ráð fyrir. Mér finnst það bara mjög leiðinlegt. Mér finnst þessi tillaga gefa mjög mikið svigrúm. Þriðji fundur er sex mánuðum frá kosningum og það er góður tími til að finna þetta. Það er ekki á minni ábyrgð að finna meðlim fyrir Vöku.
- xxi. **Gréta:** Hér er enginn að tala um persónulega hagi hvers og eins. Þið buðuð fram sex aðila og það er enginn að tala um persónulega hagi þeirra. Þetta er bara skýr heimild, í stað þess að önnur fylkingin situr bara og bíði, það er það sem við erum að koma í veg fyrir. Það er bara skritið að þetta sé ekki fyllt á þessum tímaramma sem er. Þetta er þá líka bara góð heimild fyrir þessu og mun Röskva bera ábyrgð.
- xxii. **Sigríður:** Skil ég þessi skilaboð rétt að það sé þá á ábyrgð Röskvu að fylla þessa stöðu fyrir hönd Vöku
- xxiii. **Arent:** Nei alls ekki en eins og á þingi og svipuðum vettvangi að þá fá ákveðnar fylkingar umboð til þess að vinna vinnu. Óháð því hvort við séum í Röskvu eða Vöku þá erum við bara í nefndarvinnu. Það að færa þennan rétt frá Vöku til Röskvu er ekki gott. Það er verið að taka af þeim atkvæðum hjá þeim sem kusu Vöku. Það er hægt að orða þetta þannig að þetta sé langur tími en það verður líka að taka inn í myndina að þriðji fundur er þremur vikum eftir að skóli byrjar. Ég get ekki ímyndað mér að meginþorri ykkar vinnu sé strax í byrjun skólaárs og yfir sumartímann.
- xxiv. **Sigga:** Það munar öllu að sviðsráð sé strax mönnuð og nýnemum fylgir mikið álag.
- xxv. **Júlíus Viggó:** Það sem Arent bendir á sem er rétt er að það voru einhver samskipti um það að það væri hægt að leysa þetta á einhvern hátt ef það er þannig að það sé fullt af fólki að bíða eftir þessu hlutverki. Án þess að gera lýðræðislegt umboð Vöku upptækt. Við getum talað um þing og margt annað. Ef Sigmundur Davíð myndi aldrei mæta á þing þá væri ekki hægt að taka þingsætið af honum. Núna erum við búin að eiga þessa umræðu. Mig langar að taka stutt samtal um þetta við mitt fólk til þess að ræða okkar á milli, því ég held að við gætum komið með breytingartillögu sem myndi leysa þetta. Ef fólk er mótfallið því þá segir það helling.
- xxvi. **Arna:** Þetta var í fundargögnum fyrir síðasta fund. Ég kom vel undirbúin. En ég mun kjósa með þessu hléi það eiga allir að koma að borðinu svo það sé ekki bara einn aðili sem fer með mál fylkingarinnar. Þetta er bara ákveðin lexía.
- xxvii. **Linda:** Það er ekki verið að taka tilnefningarrétt af neinum. Það stendur að fylkingin sem eiga þessa stöðu hafa forgang. Það er ósanngjarnt að ein fylking býst við því af hinni fylkingunni
- xxviii. **Júlía:** Þetta er bara til þess að leggja ákveðna pressu á þá fylkingu sem þarf að fylla sæti.
- xxix. **Júlíus:** Hvenær myndi þetta taka gildi?
- xxx. **Rakel Anna:** Við næsta fund.

- xxxi. **Arent:** Ætliði að gera þetta afturvirkta líka? Bara breyta öllum lögnum og gera að afturvirkta líka? Þú getur ekki sagt að núna er morð og þú situr inni í 30 ár fyrir það og svo bara senda alla aftur í fangelsi eða lengja dóm. Það er bókstaflega sem afturvirkni er. Þau atkvæði sem komu í kosningum eru að styðja við alla héra inni. Allar breytingar sem þið gerið á sköp stúdentaráðs, það er eitthvað sem varðar næstu kosningar. Miðað við orðalag er þetta eitthvað sem tekur við næst. Þú getur ekki gert eitthvað svona afturvirkta.
- xxxii. **Gísli:** Það er ekki kosið í sviðsráð, heldur stúdentaráð. Þetta er ekki alveg bersýnilega afturvirkni vegna þess að stúdentaráð skipar fulltrúa í sviðsráð.
- xxxiii. **Arent:** Afturvirkni er bókstaflega það að þetta er eitthvað sem tekur gildi og tekur til einhvers sem hefur þegar gerst. Ef þið ætlið að láta þennan rétt skapast núna út frá einhverju sem byggist á sem gerðist í öðru lagaumhverfi að þá er það bókstaflega það sem afturvirkni er. Óháð því hvort það sé kosið í stúdentaráð eða sviðsráð.
- xxxiv. **Rakel Anna:** Eins og ég skil lögin að þá er þetta eitthvað sem tekur gildi við næsta fund. Þá er þetta þannig að báðar fylkingar geta fyllt þetta eftir næsta fund.

b. Kosið um fundarhlé

- i. Eiður, Daníel, Emilía, Arna, Tinna, Júlíus, Eiður, Sigga, Tanja, Dagbjört, Guðni, Júlía samþykkja
- ii. Kristmundur situr hjá.

6 mínútna fundarhlé tekið. Fundur settur aftur 17:55

c. Mælendaskrá um a) lið opnuð

- i. **Júlíus Viggó:** Við erum með *breytingartillögu* og leggjum til að kosning sé leynileg.
 1. Lagt er til að við greinina verði bætt c.lið: Nú er sviðsráð ekki fullskipað við annan stúdentaráðsfund eftir kjörfund og getur þá sviðsráð skipað fulltrúa til setu í ráðinu til bráðabirgða. Skipan þess fulltrúa fellur úr gildi við skipun fulltrúa í samræmi við niðurstöður kosninga.
 2. Þetta er líka bara hugsað sem good will og málamiðlunar að þá er hér talað um annan stúdentaráðsfund.
- ii. **Kristmundur:** Ég hef áhyggjur af því að hægt sé að skipta um meðlim. Því eftir smá tíma þá hefur meðlimur tekið á sig ákveðna ábyrgð. Ég hef áhyggjur af því að hrófla mikið í starfi sviðsráði. Í gegnum sviðsráð fær maður ákveðin hlutverk og þeim fylgir ábyrgð. Þyrftu ekki að vera einhver tímamörk á þessu.
- iii. **María:** Mér finnst þetta furðuleg málamiðlun. Því þetta leysir ekki aðal vandamálið. Ég er t.d. búin að úthluta sviðsráðsmeðlimi ákveðið hlutverk og svo bara bamm swap og nýr aðili þarf að koma og koma sér inn í allt saman. Því held ég að þurfi að vera einhver tímamörk og hvenær þetta swap á sér stað.
- iv. **Rakel Anna:** Mig langað að benda á að í þessari breytingu er verið að breyta umboði stúdentaráði yfir í umboð til sviðsráðs.
- v. **Arna:** Mér finnst orðalag breytingartillögu vera smá undarlegt. Mér finnst þetta vera svolítið eins og skáldsaga.
- vi. **Júlía:** Ég skil ekki alveg hvernig þetta virkar þegar þetta fer úr höndum stúdentaráðs.

- vii. **Júlíus Viggó:** Með breytingartillögunni okkar erum við að reyna að passa að lýðræði sé fylgt og að sæti Vöku færast ekki algjörlega yfir á Röskevu. Er það best upp á skilvirkni, nei, fyrirtæki myndi ekki gera það, en þannig virkar lýðræði. Hin tillagan tekur þetta lýðræðislega umboð frá Vöku sem kjósendur hafa gefið þeim. Við erum líka að tala um að meirihluti geti búið til einhverja röksemdarfærslu þar sem stúdentaráð geti tekið fram yfir hendur lýðræðislegan rétt stúdenta. Með þessari breytingartillögu erum við að passa upp á lýðræðislega umboðið sitt. Það er ástæðan sem ég tel að þetta leysi. Hitt er vont, tekur umboð af fylkingunni og setur vont fordæmi.
- viii. **Sigríður:** Takk fyrir tillöguna. Mer finnst samt ábótavant. Er ekki hægt að breyta þessu í að hver sem er getur farið í sviðsráðið óháð fylkingu eins og í nefnd. Þannig að sviðsráðið fengi algjört umboð og auglýsir þá í þessa stöðu óháð fylkingu líkt og gert er í nefndir.
- ix. **Arent:** Sviðsráð hefur umboð til þess að gera þetta eins og þau vilja. En þetta er engan vegin bundið við fylkinga og geta skipað hvern sem er til bráðabirgða og svo fær Vaka að skipa sinn fulltrúa.
- x. **Daníel:** Þannig að þú leggur til að síðasta setning falli út?
- xi. **Sigríður:** Já í rauninni svo hægt sé að fylla sviðsráðið sem fyrst og ekki þurfi að skipta um meðlim og koma honum inn í málinn miklu seinna.
- d. Breytingartillaga á breytingartillögu – Sigríður Helga**
- i. Felld úr gildi síðasta setning í upprunalegri breytingartillögu.
- ii. Mælendaskrá opin:
- iii. **Júlíus:** Sú breyting myndi þá gera okkar breytingartillögu tilgangslausa. Þetta myndi í raun bara fara aðra leið að því að vera með sömu breytingartillögunni.
- iv. **Sigríður:** En mér finnst þetta samt vera meira þannig að aðilinn sé óháður. Ef þau vilja ekki breyta þá þarf ekki að kjósa um þetta og því *dreg ég til baka*.
- e. Breytingartillaga á breytingartillögu dregin til baka.**
- f. Kosið er um leynilega kosningu á breytingartillögu Júlíusar á lagabreytingartillögu,**
- i. Kristmundur, Sigríður, Davíð, Guðni, Tanja og Elís sitja hjá
- ii. Eiður, Daníel, Tinna, Júlíus Viggó, Emilía, Arna, María, Sigríður, Júlía og Guðni samþykkja
- iii. **Leynileg kosning samþykkt.**
- g. Fundarhlé á meðan kosning á sér stað: Fundur settur aftur 18:28**
- h. Breytingartillaga á breytingartillögu er samþykkt.**
- i. **Kosið er um breytingartillögu, Rakel Anna minnir á að til þess að lög séu samþykkt þurfa 2/3 gest að samþykkja.**
- i. Eiður, Daníel, Tinna, Júlíus Viggó samþykkja
- ii. Emilía, Davíð, Arna, María, Eiður, Tanja, Sigríður, Dagbjört, Júlía, og Guðni, sitja hjá
- iii. Kristmundur á móti.
- iv. **Þessi lagabreytingartillaga er því felld.**
- b. Lagabreytingartillögur á lögum Stúdentasjóðs.**
- i. Arent Orri, forseti lagabreytingarnefndar fer fyrir breytingunum. Hann segir að í gömlu lögnum voru engir styrkir sem stúdentaráð var búið að ákveða að væri í lögnum. Upptalningin á styrkjunum var í raun til leiðbeiningar.

ii. **3. GREIN**

1. Kosið er um tillöguna.
 - a. Einróma samþykkt með 15 atkvæðum

iii. **4. GREIN**

1. *Mælendaskrá opnuð.*
2. **Emilía:** Tæknileg pæling, það stendur í síðasta liðnum að sjóðstjórn á rétt á að ákvarða form umsókna en svo stendur í 15gr. að þetta verði rafrænt.
3. **Rakel Anna:** Þetta er í raun bara þannig að lögin tryggji að þetta verði rafrænt en að sjóðstjórn geti ákveðið frekar um háttun umsókna.
4. *Mælendaskrá lokuð.*
5. Kosið er um tillöguna.
 - a. *Júlíus Viggó steig út af fundi.*
 - b. Einróma samþykkt með 14 atkvæðum.

iv. **5. GREIN**

1. **Rakel Anna:** Mér leist ekki alveg á þetta því að þetta er illskiljanlegt fyrir þá sem ekki þekkja til lögfræði lingós. En þetta leggur bara meiri grunn að það þurfi að vera skýrt fyrir nemendum hvernig þetta virkar með einhverjum fylgigögnum.
2. *Júlíus Viggó kemur aftur inn á fund.*
3. Kosið er um tillöguna.
 - a. Einróma samþykkt með 15 atkvæðum.

v. **8. GREIN**

1. Ásamt Arent tóku Rakel Anna og Arna Dís til máls og gerðu grein fyrir efni ákvæðisins.
2. *Mælendaskrá opnuð*
3. *Mælendaskrá lokuð.*
4. Kosið er um tillöguna.
 - a. Einróma samþykkt með 15 atkvæðum.

vi. **9.-16. GREIN**

1. Arent, Rakel Anna og Arna Dís greina frá.
2. **Elís:** Á þetta (16.gr) bara við um skiptinema eða alla alþjóðanema?
3. **Arent:** Jú þetta tekur utan um þetta.
4. **Sigríður:** En hvað með t.d. flóttafólk, þau eru ekki komin með dvalarleyfi vegna náms og geta því ekki sótt um þennan styrk.
5. **Arna:** Þetta ákvæði kemur úr fyrri lögum.
6. **Arent:** Því miður er þetta þannig að stúdentasjóður er bara síðasta úrræði og því ekki hægt að veita öllum styrk þótt við myndum vilja um þetta.
7. **Sigríður:** En hvernig er það, m.v. þetta geta bandaríkjamenn t.d. sótt um þetta og hvernig myndi sjóðstjórn þá geta metið hvort þau séu í fjárhagserfiðleikum?
8. **Rakel Anna:** Það er undir sjóðstjórn komið hvernig sú framkvæmd færi fram og þau hafa heimild fyrir því að búa til verklagsreglur fyrir því.
9. Kosið er um 9. – 14.grein.
 - a. Einróma samþykkt með 15 atkvæðum.
10. Kosið er um 16.grein.

- a. Einróma samþykkt með 15 atkvæðum.
 - vii. **17.gr.**
 - 1. Kosið er um tillöguna.
 - 2. Einróma samþykkt með 15 atkvæðum.
 - viii. **18.gr.**
 - 1. Kosið er um tillöguna
 - 2. Einróma samþykkt með 15 atkvæðum.
 - ix. **23.gr.**
 - 1. Kosið er um tillöguna
 - 2. Einróma samþykkt með 15 atkvæðum
 - x. **25.GR.**
 - 1. Kosið er um tillöguna
 - 2. Einróma samþykkt með 15 atkvæðum.
 - xi. **27. GR.**
 - 1. Kosið er um tillöguna
 - 2. Einróma samþykkt með 15 atkvæðum.
 - xii. **Restin af liðum þ.e. þeir liðir sem ekki voru teknir sérstaklega fyrir.**
 - 1. Kosið er um tillögurnar
 - 2. Einróma samþykkt með 15 atkvæðum.
- c. Önnur mál
- d. Fundi slitið 19:28